



Ártúnshöfði og Elliðaárvogur: Nýr og grænn borgarhluti í mótun

Sigurbjörg Helga Gunnbjörnsdóttir, skipulagsfræðingur hjá Arkís



Elliðaárvogur og Ártúnshöfði



ARKÍS



Elliðaárvogur og Ártúnshöfði




Elliðaárvogur og Ártúnshöfði





ARKÍS



Elliðaárvogur og Ártúnshöfði - Borgarlína



Elliðaárvogur og Ártúnshöfði - Borgarlína




Elliðaárvogur og Ártúnshöfði



Elliðaárvogur og Ártúnshöfði



Elliðaárvogur og Ártúnshöfði - Landslag




Elliðaárvogur og Ártúnshöfði – Almenningsrými og græn svæði



Elliðaárvogur og Ártúnshöfði – Stígakerfi og græn svæði



Ártúnshöfði - Krossamýratorg



Ártúnshöfði – Holtið og Hamarinn



Ártúnshöfði – Almenningsrými og stígakerfi



Elliðaárvogur



Mynd 15. Yfirbragð bygðar

6 GÆÐI BYGGÐAR OG BYGGÐARMYNSTUR



Mynd 14. Byggðarmynstur

Útfærsla skipulagsins einkennist af sterkri áherslu á vandað yfirbragð almenningsrýma, borgarmiðað gatnakerfi, heildstæðar götumyndir og vistvænar áherslu. Almenn er lögð er áhersla á 3 - 5 hæða randbyggð þar sem húsaröð í jaðri lóðar umlykur garðrými.

Í stefnu íslenskra stjórnvalda í byggingarlist, Menningarstefnu í mannvirkjagerð, kemur fram að „Byggingarlist er fjárfesting til langs tíma. Mannvirki, sem vandað er til, ávaxtar þá fjármuni sem í það er lagt, hvort heldur litið er til lægri viðhalds- og rekstrarkostnaðar eða sveigjanlegra fyrirkomulags og notagildis á líftíma þess. Þá hefur vönduð byggingarlist og góð borgarrými aðdráttarafl á einstaklinga jafnt sem fyrirtæki. Á tímum þegar fólk og fyrirtæki eru mjög hreyfanleg er mikilvægt að bjóða upp á aðlaðandi kost til búsetu og vaxtar.“ Enn fremur að „Góð hönnun skilar virðisauka fyrir Ísland og eykur arðsemi bygginga.“


Gerð er krafa um víðeigandi fagmenntun hönnuða bygginga, innviða og mannvirkja. Útfærsla göturýma, garða, almenningsrýma, brúarmannvirkja og sjávarkanta skal vera leidd af teymi landslagsarkitekta, arkitekta, verkfræðinga. Auk þess er gert ráð fyrir að listamaður komi að mótun almenningsrýma sbr. kafla 7.3.

Til að stuðla að fjölbreytni og uppbroti í byggðarmynstri er gerð krafa um að sami arkitekt fari ekki með hönnun bygginga á tveimur aðliggjandi lóðum innan deiliskipulagssvæðisins.

SKYRINGAR

- Almörkun deiliskipulagsvæðis
- Mærisvæla
- ← Eirkaða þak með lögmarkshalla
- ← Eirkaða þak
- Móvænd byggingar
- Gólfur
- Upphækkab yfirbæ
- Ringvegur
- Hljólaugur
- Bláttæði
- Hljólaugur, leðbenandi
- Þjágáttur (einflokkur)
- Leikvæði
- Áfangastaður
- ★ Kennileti
- Gróður, leðbenandi
- Væðing í gólfi
- Ruggarður, leðbenandi
- Nýbyggingar, leðbenandi
- Almenningsborg
- Væðing í gólfi
- Sjóvátt

Elliðaárvogur - Nes



Mynd 60. Nes



Mynd 61. Fyrirmyndir

9.1 NES

Nes ber einkenni sem byggðar við sjó. Annars vegar er um að ræða randbyggð sem nýtur nálægðar við bryggjukant og votlendi og hins vegar stakstæð punkthús staðsett í sameiginlegum garði sem myndar samfellt landslag bæði innan lóðar og við aðliggjandi borgarland og strönd.

Lögð er áhersla á að hvert punkthús hafi sín sérstæðu einkenni og að ekki verði greinilega endurtekning á milli bygginga í útfærslum og efnisvali.




Mynd 62. Nes - garðrými



Mynd 63. Nes

Elliðaárvogur - Vogur



Mynd 64. Vogur



Mynd 65. Fyrirmyndir

9.2 VOGUR

Vogur samanstendur af þétttri randbyggð næst Sævarhöfða sem verður smágerðari þegar nær dregur Elliðaám. Garðrými skulu útfærð þannig að samfelld landlag myndist milli lóðar og aðliggjandi borgarlands við árbakkann. Byggingar næst Elliðaám geta verið útfærðar sem fjölbýli eða raðhús en lögð er áhersla á aukinn fínleika og uppbot í útfærslum bygginga eftir því sem vestar dregur.




Mynd 66. Vistgata



Mynd 67. Vogur

Elliðaárvogur - Hlíð



Mynd 68. Hlíð



Mynd 69. Fyrirmyndir

9.3 HLÍÐ

Hlíð er þétt borgarbyggð með randbyggðar fyrirkomulagi sem nýtur góðs af nálægð við borgarlínu. Byggðin einkennist af þeim landhalla sem á svæðinu og trappast niður til norðvesturs. Í ljósi þéttleika og landhalla er sérstaklega mikilvægt að útfærslur bygginga hámarki gæði með tilliti til aðgengi að dagsbirtu og gæði garðryma.




Mynd 70. Hlíð



Mynd 71. Hlíð

Elliðaárvogur - Skólalóðir



Mynd 72. Skólar



Mynd 73. Fyrirmyndir

9.4 SKÓLALÓÐIR

Á skipulagssvæðinu eru tvær skólalóðir sem tengjast um grænan geira sem liggur í gegnum skipulagssvæðið meðfram Ártúnshöfða.

Gert er ráð fyrir að þök skólabygginga verði nýtt sem virk útirými skólalóðar. Auk þess er gert ráð fyrir að sjálf skólabygging grunnskóla eldri deilda verði nýtt til að tengja deiliskipulagssvæðið við byggðina uppi á höfðanum með brúartengingu yfir á þak skólans og stöllumunum í formi byggingarinnar.




Mynd 74. Skóli eldri deilda



Mynd 75. Skóli yngri deilda

Elliðaárvogur – Göngu- og hjólaleiðir



Mynd 56: Göngu og hjólaleiðir

8.4 GÖNGU OG HJÓLLEIÐIR



Mynd 57: Fyrirmyndir göngu og hjólaleiðir



Göngu- og hjólatengingar innan hverfis og yfir Elliðaárvog eru eins og best verður á kosið. Göngu- og hjólatengingar innan hverfis munu bjóða upp á stystu leið á milli staða til að hvetja til notkunar virkra ferðamáta og gangandi og hjólandi umferð verður í forgangi.

Gert er ráð fyrir sérstökum hjólastigum í göturýmum borgargatna og að almennt verði upphækkaðar göngu- og hjólaþveranir yfir götur.

SKÝRINGAR:

- Afmörkun deiliskipulagsræðis
- Núverandi byggingar
- Gönguleiðir
- Hjólaleiðir

Elliðaárvogur og Ártúnshöfði – Hönnunarhandbók



Dæmi um votlendi í nálægð við þéttri íbúðabyggð.



Dæmi um hreystibraut.



Dæmi um útfærslu á brúm.



Dæmi um dvalarsvæði.





Á svæði 1 búa íbúar í næsta nágrenni við stór græn svæði. Náttúrulegt yfirbragð þeirra hefur áhrif á plöntuval gatna og inngarða í byggðinni og tengja íbúanna þannig beint við útivistarsvæðin. Auk þess að vera öflug útivistarsvæði, gegna grænu svæði, með sínum tjörnum og siturlautum, hlutverki sem aðalviðtakar ofanvatns. Fólk laðast að vatni og hinar sýnilegu blágrænu ofanvatnslausnir auka gæði hverfisins með líffræðilegri fjölbreytni og fagurfræðilegu gildi. Pallar og brýr veita beint aðgengi að votlendinu, í umhverfi sem er sýnbreytilegt eftir árstíðum og veðurfari.

Grænar og vistlegar botnlangagötur einkenna svæðið. Hér eru gangandi vegfarendur í forgangi fram yfir akandi, sem er undirstrikað í hönnun á yfirborði gatnanna. Öflugt stigakerfi leiðir vegfarendann um hamragarðinn, veginn og framhjá fjölbreyttum leik- og dvalarsvæðum.

Öll byggð og borgarrými eru í góðum mannlegum skala. Vegna hæðarmuns njóta íbúar útsýnis yfir sundin og fjöllin í kring. Götugögn falla vel að náttúrulegu yfirbragð svæðisins. Þök bygginga hér eru almennt gróðurþök.



Dæmi um vistgötu með blágrænar ofanvatnslausnir. Þverbilastaði eru skuggamegin í götunni.



Dæmi um stig í inngarði.



Byggingar og almenningsrými eru í mannlegum skala og gangandi og hjólandi umferð hefur forgang fram yfir akandi umferð.



Svæði 2 hefur rólegt yfirbragð. Þar eru tveir skólar og miðast skipulag og hönnun að því. Götugerðir hverfisins einkennast af göngugötu, vistgötum og samýmum þar sem gangandi vegfarendur hafa forgang fram yfir akandi umferð. Mikil áhersla er lögð á að skapa góð leiksvæði með fjölbreyttum leiktækjum fyrir alla aldushópa og að börn finni sig heima í þeim jafnt sem öðrum almenningsrymum.

Hryggjarstykkið á svæðinu er göngugatan sem liðast í gegnum hverfið og tengir

íbúana beint við nyrðri skólann. Auk þess að vera mikilvægur samgönguás þá er göngugatan líka borgarými fyrir alla íbúa og aðra sem fara um. Hún á að vera staður sem styður við félagsleg samskipti og sem skapar hverfisstemningu. Hér er mikilvægt að setsvæði séu með a.m.k. 200 m. millibili.

Á svæðinu er mikilvægt að skapa hlýlegt yfirbragð. Gróður, yfirborðsefni og götugögn þarf að velja með það í huga.



Dæmi um götulytingu.



Dæmi um almenningsrymi þar sem yfirbragð er hlýlegt.



Dæmi um leiksvæði.



Dæmi um leiksvæði.




Dæmi um leiksvæði meðfram stíg.



Göngugatan er sólríkt og skjólsælt rými sem nýtur nálægðar við Hamragarðinn. Gangstéttir eru báðu megin við göngugötuna, aðskildar með gróðri. Við hönnun á göngugötunni skal taka mið af því að hún gegni fjölbreyttu hlutverki og verði samkomustaður fyrir alla aldurshópa. Þetta næst meðal annars með því að bjóða upp á fjölbreytta bekki og setsvæði. Þriðjungur af bekkjum göngugötunnar skulu vera sígildir garðbekkir með bók og arma. Þriðjungur skulu vera án arma svo hægt er að liggja og hópast saman á þá. Þriðjungur skal gagnert vera hannaður fyrir börn.


Breidd göngugötunnar er breytileg eins og sjá má á þríviddarmynd. Æskilegt er að yfirborð götunnar og gróðurþekjan meðfram henni sé einnig síbreytileg svo skapa megi fjölbreyttar upplifanir fyrir vegfarendann. Gangstéttirnar tvær skulu vera þrjár metrar meðfram allri göngugötunni.



Tré eru plöntuð í þyrpingum og valin með það í huga að krónurnar séu veglegar en hleypi sólarljósi þó í gegn. Dæmi um slíkar trjátegundir eru Askur (*Fraxinus excelsior*) og Gráelri (*Alnus incana*).

Götulýsing er við göngugötu og gangstéttir. Torglýsing skal vera við göngugötu en ljóspollar við gangstéttir.


Huga skal sérstaklega vel að þeim kafla göngugötunnar sem mætir almenningagarðinum Ártúnshöfða. Hér gæti stórt leiksvæði brúað bilið milli hins ótamda og hins manngerða.



Dæmi um fjölbreytta bekki og setsvæði.



Dæmi um velheppnað leiksvæði í göturými.




Dæmi um samskipt göngugötu og gróðurþekju.




Vistgötur liggja í öllum hverfum. Tvær akreinar liggja í gagnstæðri átt með þver-bilastæði í annarri hlið götunnar. Bilastæðin skulu lögð skuggamegin í götunni þegar það á við. Gangstéttir eru báðu megin götu. Gangandi vegferendur hafa forgang í þessum götum og skal öll hönnun þeirra miðast við það að draga úr umferðarhraða.

Til að skapa vistvænt umhverfi skulu öll bilastæði vera lögð grassteini eða öðru álíka. Gróðurvasar með götutrjám skulu vera á milli að hámarki fimm bilastæða. Hér skal velja skal nettari götutré. Dæmi um trjategundir eru linditré, skrautreynir og ilmreynir.




19,5m



Götugögn eiga að vera hluti af heildarhönnun götunnar. Götulampar skulu vera lægri en í hefðbundinni gatnalýsingu og bekkir úr viði.

Sólarmeginn, í þeim vistgötum sem liggja við Elliðarvoginn, munu ofanvatnsrásir aðskilja gangandi vegfarendur frá umferð bíla og veita ofanvatni, sem fellur í götu, yfir í viðtaka í Elliðarvoginum (sjá kaflann Blágrænar ofanvatnslausnir).



Dæmi um vistgötu. Skýrt er að gangandi vegfarendur hafa forgang fram yfir akandi vegfarendur.



Dæmi um ofanvatnsrás eftir úrkomu.




Dæmi um blágrænar ofanvatnslausnir í göturymi.



Elliðaárvogur – Tillaga að framtíðarsýn fyrir svæði 3



Sjávarsundlaug



Kanall, sjósport, torg



Elliðahöfn

